

11. desember 2020

Reykjanesbær
b.t. Kjartans Mús Kjartanssonar, bæjarstjóra
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Varðar: Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir 220 kV Suðurnesjalínu 2

Landsnet sækir hér með um framkvæmdaleyfi fyrir 220 kV Suðurnesjalínu 2 í Reykjanesbæ. Framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030, matsskýrslu Landsnets, álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og kerfisáætlun 2018-2027. Suðurnesjalína 2 er einnig forgangsverkefni þar sem Suðurnes eru á meðal svæða sem sett eru í forgang í þingsályktun nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um styrkingu flutningskerfis raforku.

Jarðhræringar undanfarinna missera á Reykjanesi hafa enn frekar ýtt undir mikilvægi þess að koma á annarri tengingu Suðurnesja við meginflutningskerfið ef truflun verður á raforkuframléiðslu eða raforkuflutningi á svæðinu. Frá því mati á umhverfisáhrifum lauk hefur skjálftavirkni aukist á svæðinu, sem m.a. hefur leitt í ljós nýjar sprungur, t.d. í kjölfar jarðskjálftans 20. október sl. Ljóst er að loftlína getur frekar staðið af sér slíkar sprungumyndanir og krafta af þeirra völdum.

Markmið framkvæmdarinnar er að:

- Bæta afhendingaröryggi raforku á Suðurnesjum
- Auka flutningsgetu milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja ásamt því að styðja við afhendingaröryggi á höfuðborgarsvæðinu
- Styrkja flutningskerfi raforku á SV-horni landsins.


Valkostur Landsnets er í samræmi við:

- Markmið raforkulaga um hagkvæmni og afhendingaröryggi.
- Stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku
- Samþykkt Orkustofnunar á framkvæmdinni í kerfisáætlun
- Samræmi við aðalskipulag sveitarfélaga
- Markmið laga um mat á umhverfisáhrifum, um undangengið samráð, kynningar og dregið hefur verið úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi fylgir með umsókninni greinargerð sem inniheldur framkvæmdalýsingu, upplýsingar um samræmi framkvæmdar við álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, upplýsingar um helstu kennitölur framkvæmdarinnar í öðrum sveitarfélögum, lýsing á mótvægisáðgerðum og umhverfis- og öryggisstefnu Landsnets. Einnig fylgja afstöðumyndir og hönnunargögn.

Landsnet telur að búið sé að uppfylla öll skilyrði fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis. Óski sveitarfélagið eftir frekari gögnum, útskýringum eða upplýsingum þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst,



Smári Jóhannsson.
Verkefnastjóri.

Fylgiskjöl:

1. Greinargerð með umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi í Sveitarfélaginu Vogum.
2. Kortahefti með greinargerð.
3. Bréf Landsnets, dags. 28. maí 2020, vegna náttúruvár og legu valkosta.